

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 818 — 481. mál.

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefniin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Því er til að svara að árið 2002 var ekki um slíkan flutning að ræða á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja sem undir það heyra.